

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald í Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

#### 1. gr.

Af hundum í Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi skal Heilbrigðis-  
eftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem  
ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald, sbr.  
14. gr. samþykktar nr. 154/2000 um hundahald í ofangreindum sveitarfélögum.

#### 2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Skráningargjald kr. 6.000

Skráningargjald eftir útrunnin frest kr. 8.500

Auk þess skal innheimta eftirlitsgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

Bráðabirgðaskráning kr. 3.000

Auk þess skal innheimta eftirlitsgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem bráðabirgða-  
skráning gildir.

#### 3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Einn hundur kr. 8.500

#### 4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald sem hér segir:

Afhending kr. 15.800

Fyrsta afhending skráðs hunds ef eftirlitsgjald og  
vottorð er í skilum við handsömun kr. 7.900

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi  
hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu.

#### 5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 1. febrúar og eindagi 1. mars. Dráttarvextir reiknast frá  
gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar. Um innheimtu  
gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með  
síðari breytingum. Gjöld skv. gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlega eftirlitsgjaldið í réttu hlutfalli við þá  
mánuði sem eftir eru af árinu.

#### 6. gr.

Hafi leyfishafi lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af Heilbrigðiseftirliti  
Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld skv. 3. gr.  
gjaldskrár þessarar um allt að helming, enda mæli ekki önnur atriði á móti því sbr. samþykkt  
um hundahald nr. 154/2000. Heilbrigðisnefnd er heimilt að fella niður gjöld skv. 2. og 3. gr.  
gjaldskrár þessarar af leiðsöguhundum blindra, leitar- eða björgunarhundum. Ber að sækja um  
slíka lækkun eða niðurfellingu gjalda sérstaklega til heilbrigðisnefndar.

7. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af hreppsnefnd Bessastaðahrepps þann 16. október 2001, bærstjórn Garðabæjar 15. nóvember 2001, bærstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 27. nóvember 2001 og bærstjórn Kópavogsbæjar 30. október 2001, staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 162/2000 fyrir hundahald í Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

*Garðabæ, 5. desember 2001.*

F.h. heilbrigðisnefndar,

**Guðmundur H. Einarsson** framkvæmdastjóri.